



SÚÐAVÍKURHREPPUR

SJÁVARÚTVEGS OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	
SK. FL.	10.7.2
REK.	
11. ÁGÚ. 2008	
Á. P.	H6
MR	08040156

Sjávarútvegsráðuneyti
Hr. Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Súdavík, 7. ágúst 2008
0808002 ÓMJ

Efni: Beiðni um samþykki á sérstök skilyrði vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2007/2008 í Súdavík

Á 32. fundi sveitarstjórnar Súdavíkurhrepps sem haldin var 7. ágúst sl. var tekið fyrir bréf frá sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti dagsett 27. júní sl. þar sem fram kemur að Súdavík hafi verið úthlutað 210 þorskígildistonnnum vegna fiskveiðiársins 2007/2008.

Jafnframt var sveitarfélaginu gefin kostur á, samkvæmt 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 605/2008 að setja sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvótans á skip í Súdavík til að gæta hagsmuna byggðarlagsins.

Á fundi sveitarstjórnar voru samþykkt sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta samkvæmt 2. og 3 gr. reglugerðar 605/2008 og gilda skulu í Súdavík og var sveitarstjóra falið að leita eftir samþykki sjávarútvegsráðherra á þeim.

Um eftirfarandi breytingar á reglugerð nr. 605 frá 24. júní 2008 er um að ræða vegna úthlutunar á 210 tonna byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2007/2008

- 1.) **Breyting á 1.gr. b. liðar verður:** Eru skráð í sveitarfélaginu 1. maí 2008.
- 2.) **Breyting á 4. gr.:**
 - a) Ákvæði um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellt niður.
- 3.) **Viðbót við 4. gr.**
 - a) Heimilt er að flytja byggðakvóta milli fiskiskipa í eigu sömu útgerðar að öðrum skilyrðum reglugerðar 605/2008 uppfylltum.
 - b) 150 þorskígildistonnnum verður úthlutað til fiskiskipa í hlutfalli við landaðan afla frá 1. maí 2007 til 30 apríl 2008.
 - c) 25 þorskígildistonnnum verður úthlutað jafnt til sjóstangveiðibáta sem eingöngu eru nýttir til ferðaþjónustu.




SÚÐAVÍKURHREPPUR

- d) 25 þorskígildistönnum verður úthlutað til áframeldis í sveitarfélaginu til að efla lifrarvinnslu og/eða bolfiskvinnslu í Súðavík. Er umsækjanda heimilt að sækja um byggðakvóta á skip í sinni eigu. Skilyrt er að áframeldið fari fram innan marka sveitarfélagsins.
- e) 10 þorskígildistönn skiptast hlutfallslega jafnt milli skipa sem fá úthlutað minna en 1 þorskígildistönn samkvæmt öðrum úthlutunarreglum og uppfylla önnur skilyrði samkvæmt reglugerðar 605/2008.
- 4.) **Breyting á 6. gr.:** Með vinnslu skv. 1. mgr. er átt við:
- a) Flökun eða flatningu
 - b) Hreinsun og niðursuðu á þorskklifur
 - c) Harðfiskvinnslu

Óskað er eftir samþykki ráðherra á ofangreindar breytingar á reglugerð 605/2008 vegna úthlutunar 210 þorskígildistonna.

Virðingarfyllt,
f.h. Súðavíkurhrepps


Ómar Magnússon
- sveitarstjóri -